

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um ríkislögmann, nr. 51/1985  
(hlutverk ríkislögmanns)**

Vísað er til ofangreinds frumvarps til breytinga á lögum um ríkislögmann, sbr. 942. mál á 153. löggjafarþingi. Efni þess er mjög afmarkað og tekur umsögn þessi mið af því.

Með 1. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á orðalagi 1.-3. mgr. 2. gr. nógildandi laga sem lúta að hlutverki ríkislögmanns. Í athugasemdum við frumvarpið segir að þessum breytingum sé ætlað að skerpa á ákvæðinu um verkefni ríkislögmanns og tryggja að það endurspegli þau verkefni sem ríkislögmaður sinni. Verður þannig ráðið að ekki sé ætlunin með frumvarpinu að gera efnislegar breytingar á því hlutverki sem ríkislögmaður gegnir samkvæmt gildandi lögum.

LMFÍ telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á tveimur atriðum.

Líkt og áréttað er í athugasemdum við fyrirleggjandi frumvarp fer ríkislögmaður ekki með forræði á kröfugerð, röksemdum og ágreiningsatriðum í þeim málum sem hann sinnir heldur liggur það hjá hlutaðeigandi ráðherra eða eftir atvikum stofnun. Í því ljósi má velja þeirri spurningu upp hvort orðalag frumvarpsákvæðisins þess efnis að ríkislögmaður „fari með“ þau verkefni sem þar eru talin sé óskýrt og þá hvort betur kunni að fara á að þar komi fram að ríkislögmaður fari með hlutaðeigandi verkefni „í umboði“ hlutaðeigandi ráðherra eða stofnunar eða sambærilegt orðalag sem endurspegli hlutverk ríkislögmanns sem lögmanna fremur en fyrirvarsmanns í þeim ágreiningsmálum sem hann kemur að fyrir hönd ríkisins.

Einnig má velja því upp hvort framangreint orðalag frumvarpsákvæðisins gefi tilefni til vafa um heimildir til að fela öðrum en ríkislögmanni að gæta hagsmuna íslenska ríkisins í einstökum málum af því tagi sem talin eru í frumvarpsgreininni. Eins og áður segir leggur LMFÍ þann skilning í frumvarpið að ekki sé ætlunin með því að gera efnisbreytingar, þ.m.t. breytingar á nógildandi heimildum til að útvista rekstri einstakra mála til lögmanna utan embættisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. gildandi laga. Til að fyrirbyggja að slíkur vafi rísi ef frumvarp þetta verður að lögum kann að vera ástæða til að hnykkja á þessu atriði í frumvarpstextanum eða eftir atvikum í álitni nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. LMFÍ,



Sigurður Örn Hilmarsson, formaður

